

messa ber í Kaupangs kirkju, er liggur í grennd við verzlun-
arstaðinn Akureyri.

1860.

9. júlí.

42. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um að leggja Nes-brauð í Þing-
eyjar prófastsdæmi til Múla prestakalls í sama pró-
fastsdæmi m. m. 9. júlí.

Eptir að stjórn kirkju og kennslumálanna var búin að fá
uppástungur frá yður, herra stiptamtmaður, og yður háæru-
verðugi herra, í bréfi yðar 8. maímánaðar þ. á., um sameiningu
Múla og Nes brauðs í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu
á Íslandi, m. m., var konungi send þegnleg skýrsla um málefni
þetta samkvæmt tillögum yðar, og hefir hans hátign síðan 29.
dag júnímánaðar allramildilegast lagt úrskurð á málið á þessa
leið:

1. að Nes brauð í Þingeyjar prófastsdæmi í norðurumdæminu
á Íslandi skuli lagt niður sem sérstakt brauð, en þar á móti
skuli það með kirkju þeirri, sem þar er, lagt sem annexía
til Múla brauðs í sama prófastsdæmi;
2. að sá þriðjungur jarðarinnar Sigurðarstaða, sem Múla kirkja
á, skuli lagður til Presthóla brauðs í Þingeyjar prófasts-
dæmi, og
3. að jörðin Geirbjarnarstaðir, 20 hundruð að dýrleika, sem
Múla kirkja einnig á, skuli lögð til Þönglabakka prestakalls
í sama prófastsdæmi.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbein-
ingar og til frekari framkvæmda.